



Ársskýrsla 2024

og starfsskýrsla til 1. ágúst 2025





Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Heiti á ensku: Environmental and Public Health Authorities of South Iceland

Starfssvæði: Suðurland frá Vífilfelli að Lómagnúp og Vestmannaeyjar

Heimilisfang: Austurvegi 65a, 800 Selfoss

Sími: 480 8250

Netfang: hsl@hsl.is

Heimasíða: www.hsl.is

Forsíðumynd: Landmannalaugar.

Efnisyfirlit:

Inngangur	5
Stjórnskipan og hlutverk	5
Heilbrigðisnefnd Suðurlands 2022-2026.....	6
Starfsfólk	6
Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk.....	7
Fjöldi heilbrigðisfulltrúa	7
Samstarf	8
Samstarf við MAST og UOS	8
Starfsemi	9
Málaskrá og skjalavarsla	10
Reglubundið eftirlit	11
Innra starf.....	12
Sýnataka og niðurstöður.....	13
Kvartanir og ábendingar	14
Hollustuhættir	14
Útíhátíðir	15
Fjallaskálar og nóróveirusýking.....	15
Sund og baðstaðir	16
Baðstaðir í náttúrunni.....	17
Matvæli	17
Birting á eftirlitsskýrslum samkvæmt matvælalögum	18
Matvælaeftirlit og tilgangur.....	19
Garðyrkja og varnarefnaleyfar	19
Vöktun og eftirlit með neysluvatni	20
Áhættumat vatnsveitna	20
ESA úttektir	21
Umhverfis- og mengunarvarnir.....	21
Starfsleyfi og skráning á umhverfis- og mengunarvarnasviði	21
Fráveitur og Seyrustaðir.....	22
Icewater verkefnið og Þingvallavatn.....	23
Lóðir og lendur	23
Vöktun loftgæða – brennisteinsvetni ofl.	24
Fjármál og rekstur	26
Lokaorð	28

Myndaskrá

Mynd 1 Heilbrigðiseftirlitssvæðin á Íslandi.....	7
Mynd 2 Tengsl heilbrigðiseftirlits út á við.....	9
Mynd 3 málaskrá ný mál 2024	10
Mynd 4 málaskrá lokin mál 2024	11
Mynd 5. Skráðar eftirlitsheimsóknir eftir árum	11
Mynd 6. Fjöldi fyrirtækja milli ára skipt eftir sviðum	12
Mynd 7 yfirlit yfir sýnatökur á öldinni.....	13
Mynd 8 Ein af fjölmörgum sundlaugum á Suðurlandi	16
Mynd 9 Hlutfall baðvatssnýna sem stóðst kröfur	16
Mynd 10 Sundkallinn	17
Mynd 11 Þrifum ábótavant á veitingastað.....	18
Mynd 12 Umgengni ábótavant og geymsla matvæla óviðunandi, auk óviðunandi aðbúnaðar	18
Mynd 13 Niðurstöður neysluvatnssýna	20
Mynd 14 Framkvæmdir í gangi á Suðurlandi við frágang hreinsistöðvar	22
Mynd 15 Tilkynning með álímingu á bílflak	24
Mynd 16. Loftgæðamælingar vegna jarðvarmavirkjana.....	25
Mynd 17. Framlög sveitarfélaga til rekstrar.....	26
Mynd 18. Tekjur HSL og hlutfall framlaga sveitarfélaganna	26
Mynd 19. Helstu kostnaðarliðir HSL.....	27

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi starfsmanna og starfsaldur.....	6
Tafla 2. Heilbrigðiseftirlitssvæðin og fjöldi heilbrigðisfulltrúa í árslok 2024.....	7
Tafla 3 GERÐ OG FJÖLDI SÝNA ÁSAMT MATI Á NIÐURSTÖÐUM	14

Inngangur

Ársskýrsla þessi er stutt samantekt um helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á árinu 2024 fram til 1. ágúst 2025. Aftast í skýrslunni er útdráttur úr ársreikningi 2024. Jafnframt er í skýrslunni fróðleikur um uppbyggingu heilbrigðiseftirlits í landinu og skýringar á samstarfi við önnur heilbrigðiseftirlitssvæði og tengdar stofnanir. Skýrslan er einungis send á rafrænu formi bæði til sveitarfélaga og helstu samstarfsstofnana, en hægt er að fá hana senda á prenti samkvæmt beiðni. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu embættisins: www.hsl.is.

Finna má í skýrslunni upplýsingar um fjölda eftirlitsskyldra aðila, fjölda mála, sýnatökur og fleira. Þá er einnig yfirlit yfir helstu mál ársins skipt eftir málaflokkum. Farið er yfir hlutverk og uppbyggingu ásamt rekstrarupplýsingum. Tölfræðiupplýsingarnar ná yfir tímabilið 1. janúar 2024 til 31. desember 2024.

Stjórnskipan og hlutverk

Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heilbrigðisnefnd kosin eftir sveitarstjórnarkosningar til fjögurra ára í senn. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Suðurlandi og nær umdæmið frá Vífilfelli í vestri að Skeiðarársandi í austri. Starfssvæðið nær upp á hálendið þar sem starfsleyfisskyld starfsemi er t.d. sala gistingar í fjallaskálum og einstaka veitingastaðir. Vestmannaeyjar eru útvörður svæðisins í suðri. Rekstur heilbrigðiseftirlits er lögbundið verkefni sveitarfélaga sem bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri þess skv. áðurnefndum lögum nr. 7/1998 m.s.br. Þar segir m.a. „*Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits...*“ og „*Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar*“. Aðildarsveitarfélögin eru:

• Ásahreppur	www.asahreppur.is
• Bláskógabyggð	www.blaskogabyggd.is
• Flóahreppur	www.floahreppur.is
• Grímsnes- og Grafningshreppur	www.gogg.is
• Hrunamannahreppur	www.fludir.is
• Hveragerðisbær	www.hveragerdi.is
• Mýrdalshreppur	www.vik.is
• Rangárþing eystra	www.hvolsvollur.is
• Rangárþing ytra	www.ry.is
• Skaftárhreppur	www.klaustur.is
• Skeiða- og Gnúpverjahreppur	www.skeidgnup.is
• Sveitarfélagið Árborg	www.arborg.is
• Sveitarfélagið Ölfus	www.olfus.is
• Vestmannaeyjabær	www.vestmannaeyjar.is

Heilbrigðisnefnd Suðurlands 2022-2026

Formaður:	Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir, Bláskógabyggð
Varaformaður:	Páll Tómasson, Mýrdalshreppi
	Kjartan Þ. Ólafsson, Sveitarfélaginu Ölfusi
	Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
	Örn Friðriksson, Vestmannaeyjabæ
Fulltrúi atvinnurekenda:	Oddur Árnason, Rangárþingi eystra
Varamenn eru:	Hulda Kristjánsdóttir, Flóahreppi
	Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþingi ytra
	Bragi Bjarnason, Sveitarfélaginu Árborg
	Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerðisbæ
	Arna Huld Sigurðardóttir, Vestmannaeyjabæ
Varafulltrúi atvinnurekenda:	Sigurður Rafn Hilmarsson, Laugarvatni

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hélt átta fundi á árinu 2024, auk aðalfundar sem haldinn var 1. nóvember í Hveragerði samhliða Ársþingi SASS. Framkvæmdastjóri HSL sér um undirbúning og boðun funda í samráði við formann og situr alla fundi nefndarinnar. Fundargerðir eru birtar jafnóðum á heimasíðu embættisins: <https://hsl.is/um-hsl/hsl/fundargerdir/>

Starfsfólk

Starfsfólk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands telur níu eins og kemur fram í töflu 1. Nokkur breyting hefur orðið undanfarið í hópnum, þar sem María Bjarnadóttir hætti á árinu 2024 og um mitt ár 2025 hættu þær Stella Hrönn Jóhannsdóttir og Soffía Helga Valsdóttir. Er þeim öllum þakkað þeirra framlag til heilbrigðiseftirlits á Suðurlandi. Á árinu 2025 hófu störf 3 eins og lesa má út úr töflu 1. Fjölbreytt menntun starfsfólks styður við hin fjölbreyttu verkefni sem við er að eiga. En öll eru með háskólamenntun á raungreinasviði.


TAFLA 1. FJÖLDI STARFSMANNA OG STARFSALDUR

Nafn	starf	starfshlutfall %	starfsaldur, ár
Ágúst Óskar Sigurðsson	heilbrigðisfulltrúi	100	11
Áslaug Rut Áslaugsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	22
Karólína Ívarsdóttir	eftirlitsfulltrúi	100	0,4
Margrét Rós Sigurjónsdóttir	verkefnastjóri	100	0,6
María Berg Guðnadóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	20
Rán Sturlaugsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	5
Reynir Freyr Jakobsson	heilbrigðisfulltrúi	100	9
Signý Bergsdóttir	eftirlitsfulltrúi	100	0,4
Sigrún Guðmundsdóttir	framkvæmdastjóri	100	23

Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk

Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru 9 og er skipan þeirra ákveðin skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) er formlegur samstarfsvettvangur svæðanna í þeim tilgangi að efla samstarfið og vinna að samræmingu í þeim verkefnum

sem er við að eiga. Í þeim samtökum sitja formenn heilbrigðisnefnda og framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Á heimasíðu SHÍ www.shi.is er hægt að nálgast upplýsingar um öll svæðin. Mynd 1 sýnir hvernig landið skiptist í eftirlitssvæði. Á flestum svæðunum er rekstur heilbrigðiseftirlits samstarfsverkefni nokkurra sveitarfélaga



MYND 1 HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN Á ÍSLANDI

líkt og á Suðurlandi. Einungis í Reykjavík stendur borgin ein að rekstri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Fjöldi heilbrigðisfulltrúa

Í töflu 2 er listað upp til fróðleiks hver fjöldi heilbrigðisfulltrúa á hverju svæði fyrir sig í lok árs 2024 og einnig er hægt að lesa út úr töflunni hvernig kynjaskiptingin er á svæðunum, eða 34 karlar og 37 konur. Samtals 71 stöðugildi yfir allt landið.

TAFLA 2. HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN OG FJÖLDI HEILBRIGÐISFULLTRÚA Í ÁRSLOK 2024

Heilbrigðiseftirlitssvæði	amtals	karlar	konur
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	25	12	13
Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness	13,5	6	7,5
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	5	2	3
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	3	3	
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra	2,5	1	1,5
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	5	4	1
Heilbrigðiseftirlit Austfjarðasvæðis	4	1	3
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	8	2	6
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	5	3	2
amtals	71	34	37

Samstarf

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands á í góðu samstarfi við níu embætti skipulags- og byggingafulltrúa á svæðinu auk þeirra 14 sveitarfélaga sem standa að embættinu. Aðrar samstarfsstofnanir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands út á við eru helst sýslumenn, lögreglan, Umhverfis- og orkustofnun og Matvælastofnun.

Sýslumenn gefa út rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði og er en ein af forsendum fyrir rekstrarleyfi að starfsleyfi sé fyrir hendi frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna vegna hreinlætis- hollustu- og öryggisþátta gesta, auk mengunarvarna. Tvö sýslumannsembætti eru á svæðinu, þ.e. Sýslumaðurinn á Suðurlandi og Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu er einnig tengdur aðili þar sem heimagisting á öllu landinu er skráð rafrænt hjá honum á slóðinni: www.heimagisting.is Heimagisting er einfaldara form fyrir gististaði sem er ætlað einstaklingum sem vilja leigja út heimili sitt og/eða eitt frístundahús í 90 daga eða fyrir allt að 2 milljónir á ári. Tilkynnt er til lögreglu ef upp kemst um sölu á gistingu án skráningar eða rekstrarleyfis.


Samstarf við MAST og UOS

Matvælastofnun hefur samkvæmt matvælalögum það hlutverk að stuðla að samræmdu matvælaeftirliti í landinu öllu og er það gert m.a. með útgáfu leiðbeininga og samvinnu í samstarfshóp sem kallast í daglegu tali „Matvælahópurinn“. Hann samanstendur af fulltrúum frá Matvælastofnun og heilbrigðisfulltrúum af öllu landinu. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur gegnum tíðina verið virkur þátttakandi í því starfi.

Umhverfis- og orkustofnun (stofnuð skv. lögum nr. [110/2024](#) 1. janúar 2025) tók við verkefnum Orkustofnunar og hluta af verkefnum Umhverfisstofnunar og hefur samkvæmt lögum nr. [7/1998](#) um hollustuhætti og mengunarvarnir meðal annars það hlutverk að:

„...vinna að samræmingu eftirlits í landinu og koma á samvinnu þeirra er að málum þessu starfa og skal í slíkum tilvikum sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi heilbrigðiseftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði heilbrigðiseftirlits og að því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að þessu markmiði gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja“

Mynd 2 sýnir hvernig tengslum heilbrigðiseftirlits er háttað við önnur stjórnvöld og aðrar tengdar stofnanir. Ágreining um ákvarðanir heilbrigðisnefnda er hægt að kæra til æðra stjórnvalds sem er Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem starfar á vegum þess ráðuneytis skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er hægt að kæra ákvarðanir heilbrigðisnefnda á grundvelli Matvælalaga nr. [93/1995](#) til Atvinnuvegaráðuneytis. Önnur kæruleið sem er fær fyrir eftirlitsþega eru dómstólarnir.



MYND 2 TENGL HEILBRIGÐISEFTIRLITS ÚT Á VIÐ

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur verið virkur þátttakandi í samræmingarhópum sem Umhverfis- og orkustofnun hefur umsjón með. Það hefur verið annars vegar Umhverfisgæðahópurinn vegna mengandi starfsemi og hins vegar Hollustuháttahópurinn sem vinnur að samræminu á hollustuháttasviði. Tilgangur þessa hópastarfs er samræming eftirlits. Á fundum eru álitamál í eftirliti rædd, breytingar á löggjöf og reglugerðum kynntar auk þess sem hóparnir leggja talsvert af mörkum við að setja saman samræmd starfsleyfisskilyrði sjá slóð:

<https://www.ust.is/atvinnulif/heilbrigdiseftirlit/starfsleyfisskilyrði/>

Starfsemi


Megin starfsemi heilbrigðiseftirlits eru leyfisveitingar og reglubundið eftirlit með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum og stofnunum. Önnur verkefni sem eru fyrirferðarmikil eru umsagnir vegna rekstrarleyfa sem sýslumenn gefa út og vegna skipulagsmála eins og sést í yfirliti yfir helstu mál á myndum 3 og 4.

- Helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru:
- Reglubundið eftirlit og leyfisveitingar.
- Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi.
- Umsagnir um veitinga- og gististaði vegna rekstrarleyfa og vegna tækifærisleyfa sem sýslumenn veita.


- Umsagnir vegna skipulagsmála til skipulags- og byggingafulltrúa.
- Umsagnir vegna brennuleyfa sem sýslumenn veita.
- Vöktun loftgæða og önnur umhverfisvöktun
- Eftirlit með lóðum og lendum og álímingar á lausamuni og númerslaus ökutæki.
- Skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga.

Málaskrá og skjalavarsla

Heilbrigðiseftirlit hefur lögbundnar skyldur við varðveislu skjala. Það er mikilvægur hluti starfseminnar að halda utan um mál og öll skjöl sem tengjast starfseminni. Á myndum 3 og 4 hér á eftir má sjá yfirlit yfir fjölda nýrra og lokinna mála hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands á árinu 2024. Undir „Almenn mál“ heyra mál eins og *innkallanir á matvælum* (19 mál), ýmsar kvartanir, mál varðandi fráveitur og sorp, lóðir og lendur svo eitthvað sé nefnt. *Beiðnir um upplýsingar* (82 mál) er málaflokkur sem hefur vaxið mjög undanfarin misseri. Reglubundið eftirlit hefur almennt ekki verið talið til sérstakra mála í málaskráningarkerfinu nema að fylgja þurfi málum eftir með áminningum eða aukaheimsóknnum og einnig ef eftirlitið kallar á veruleg samskipti. Töflurnar sýna skiptingu milli einstakra málaflokka og eru þar skipulagsumsagnir og starfsleyfisútgáfa fyrirferðamestar. Umsagnir til sýslumanna vegna gisti- og veitingaleyfa eru með 139 mál á árinu 2024 og tækifærisleyfi með 114 mál eru sívaxandi flokkur, en heilbrigðiseftirlit þarf að veita umsagnir vegna bæjarhátíða, útihátíða, tónleika og þorrablóta svo eitthvað sé nefnt, í sumum tilfellum þarf einnig að veita tímabundin starfsleyfi í tengslum við tækifærisleyfi og er þar miðað við að ef skemmtunin á að vara lengur en þrjár klst. Þá þurfi meiri viðbúnað og aðstöðu s.s. varðandi öryggisþætti og hreinlætismál. Í þeim tilfellum er farið í úttekt og starfsleyfi gefið út.




MYND 3 MÁLASKRÁ NÝ MÁL 2024



MYND 4 MÁLASKRÁ LOKIN MÁL 2024

Reglubundið eftirlit

Á árinu 2024 var fjöldi eftirlitsskyldra aðila kominn í 1811 og eftirlitsferðir vegna þeirra, skv. eftirlitsáætlun alls 1112. Til viðbótar þessu eru síðan heimsóknir vegna nýrra umsókna og ferðir vegna tilfallandi eftirlits, eftirfylgni vegna athugasemda og kvartana, þannig reyndust skráðar eftirlitsferðir í reglubundnu eftirliti á árinu 870 talsins eins og kemur fram í súluriti á mynd 5.




MYND 5. SKRÁÐAR EFTIRLITSHEIMSÓKNIR EFTIR ÁRUM

Á mynd 5 kemur fram samanburður á fjölda eftirlitsferða milli ára. Eftirlit vegna nóróveirufaraldurs á hálendinu á árinu 2024 kemur ekki fram á þessu súluriti, en tók mikinn tíma frá öðru eftirliti. Fjöldi eftirlitsferða getur verið nokkuð mismunandi milli ára og ræðst það helst af ákvörðun um fjölda heimsókna sem hvert fyrirtæki á að fá, sem er byggð á

áhættumati hvers fyrirtækjaflokks. Tíðnin getur þannig verið allt frá því að vera einu sinni á fjögurra ára fresti og upp í heimsóknir annan hvern mánuð. Frá árinu 2006 hafa verkefnið aukist jafnt og þétt og lætur nærri að vinna við eftirlit hafi tvöfaldast á þessu árabili. Reikna má með að fjölgunin eigi eftir að halda áfram næstu árin, sérstaklega ef tekið er mið af vexti ferðaþjónustun á Suðurlandi.

Innra starf

Heimasíða Heilbrigðiseftirlitsins www.hsl.is er í stöðugri þróun. Á heimasíðunni eru birtar allar umsóknir vegna mengandi starfsleyfa jafnóðum og þær berst. Jafnframt eru auglýst þar starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, sem og öll útgefin leyfi ásamt greinargerðum skv. reglugerð nr. [550/2018](#) um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Á heimasíðunni er jafnframt að finna lista yfir öll starfsleyfi í gildi hjá embættinu. Í þjónustugátt er tekið við umsóknum um starfsleyfi og tóbakssöluleyfi ásamt upplýsingum um nýjar og endurgerðar fráveitur o.fl.



MYND 6. FJÖLDI FYRIRTÆKJA MILLI ÁRA SKIPT EFTIR SVIÐUM


Á mynd 6 eru upplýsingar um fjölda fyrirtækja milli ára, en á myndinni sýnir svört lína heildarfjölda og bratt ris á árinu 2024 sýnir aukin umsvif á Suðurlandi og þessi fjölgun heldur greinilega áfram á þessu ári því það sem af er árinu 2025 hefur fjölgun fyrirtækja haldið áfram eins og lesa má út úr myndinni. Súluritinn sýna skiptingu fyrirtækja í þrjú svið, þ.e. í hollustuháttasvið, umhverfis- og mengunarvarnarsvið og matvælasvið. Öll fyrirtækin eru gróflega flokkuð á þann hátt og fer þá eftir meginstarfsemi í hvaða flokki þau lenda. Mörg fyrirtæki eru þó blönduð og geta sum fyrirtækin tilheyrt öllum flokkum að einhverju leyti s.s.

hótel með veitingasatað og eigin fráveitu. Það yrði þó flokkað sem hollustuháttafyrirtæki þar sem sala gistingar er meginstarfsemin. En í dæminu um hótelið er það einnig með eldhús sem telst matvælafyrirtæki, gæti jafnvel verið með einkavatnsból líka sem einnig er eftirlitsskylt. Í árlegri eftirlitsáætlun, sem lögð er fram á fundi heilbrigðisnefndar í upphafi hvers árs er gerð áætlun um fjölda eftirlitsheimsókna á árinu. Í upphafi hvers árs liggja því fyrir skilgreind meginmarkmið sem vinna á út frá, auk undirmarkmiða í hverjum málaflokki. Megináherslan er að sinna reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum sem eiga að fá slíkt og að sinna nýjum umsóknum.

Sýnataka og niðurstöður

Starfsfólk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands tekur fjölda sýna eins og sjá má á mynd 8.

Megináhersla er á gæði baðvatns í sundlaugum og gæði neysluvatns í hinum fjölmörgu



MYND 7 YFIRLIT YFIR SÝNATÖKUR Á ÖLDINNI

vatnsveitum á svæðinu en tíðni sýnataka í neysluvatnsveitum fer eftir stærð og umfangi auk sögu um gæði neysluvatns í fyrri sýnatökum. Yfirlit yfir sýnatökur með samanburði milli ára kemur fram á mynd 8.

Nánar er fjallað um niðurstöður úr sýnatökum í annars vegar kaflanum um Sund og baðstaði og hins vegar er fjallað um neysluvatnsniðurstöður í kaflanum um Matvæli.

Fjöldi sýna og tegund sýna sem tekin voru á árinu 2024 er hægt að sjá töflu 3.

TAFLA 3 GERÐ OG FJÖLDI SÝNA ÁSAMT MATI Á NIÐURSTÖÐUM

Gerð sýna	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Ekki metið	Samtals
Baðvatn	103	17	0	120
Neysluvatn	155	16	8	179
Náttúrulaugar	2	1		3
Matvæli	3		1	4
Önnur Sýni			8	8
Varnarefni	7			7
Samtals	270	34	17	321

Kvartanir og ábendingar

Á heimasíðunni auðveld leið fyrir almenning að skrá ábendingar og kvartanir. Æskilegt er að kvartanir séu skriflegar til að tryggja svo sem kostur er að þær skili sér og einnig að eftirlitið hafi leið til að hafa samband við þann sem sendir kvörtun eða ábendingu. Ábendingar sem berast með öðrum hætti fara ekki sömu úrvinnsluleið og því samræmd meðhöndlun ekki tryggð. Á heimasíðunni er meindýraeyðum einnig gert kleift að skila rafrænt lögbundnum skýrslum um unnin verk. Þeim er skylt að skila skýrslum til heilbrigðiseftirlits við eyðingu á rottum og veggjalús skv. 15. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti, en þar segir:

Þeir sem eyða meindýrum skulu að lokinni vinnu við útrýmingu á rottum eða veggjalús gera skýrslu um verkið og senda til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Þar skal koma fram hver er verkbeiðandi, um hvaða meindýr var að ræða, hver framkvæmdi verkið og hvenær, hvaða útrýmingarefni voru notuð til verksins og varúðarráðstafanir sem gripið var til í því skyni að vernda heilsu manna, dýra annarra en meindýra og umhverfið. Skýrslu skal skila innan þriggja virkra daga ef um er að ræða útrýmingu á veggjalús en innan mánaðar ef um er að ræða útrýmingu á rottum.

Því miður hafa starfandi meindýraeyðar ekki sinnt þessum tilkynningum. En með hinni miklu fjölgun ferðamanna er líklegt að tilfellum veggjalúsa hafi fjölgað. Ástæðan fyrir því að veggjalús er tilkynningaskyld líkt og rottur er að þar er á ferðinni óværa sem er erfitt að útrýma ef ekki er tekið á því af festu um leið og hennar verður vart.

Hollustuhættir

Í lok árs 2024 voru 918 fyrirtæki með gild starfsleyfi á sviði hollustuhátta en fyrirtækjum á þessu sviði hefur farið jafnt og þétt fjölgandi undanfarin ár sem einna helst má rekja til fjölgun gististaða. Fyrirtæki á sviði hollustuhátta eru m.a. allar gerðir veitinga- og gististaða, samkomustaðir, heilbrigðisstofnanir, menntastofnanir, dagforeldrar með sex eða fleiri börn, heimili og stofnanir fyrir börn, líkamsræktar- og íþróttamiðstöðvar, tjaldsvæði, bæjar- og

útihátíðir sem standa yfir í þrjár klukkustundir eða lengur, almenningssalerni, snyrtistofur og skyld starfsemi, sund- og baðstaðir, náttúrlaugar sé rekstur í kringum þær, opin leiksvæði sem almenningur hefur aðgang að. Starfsleyfi eru gefin út samkvæmt: reglugerð nr. [903/2024](#) um hollustuhætti, reglugerð nr. [814/2010](#) um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, reglugerð nr. [460/2015](#) um baðstaði í náttúrunni, reglugerð nr. [1025/2022](#) um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim og reglugerð nr. [1655/2023](#) um sóttvarnavottorð og sóttvarnaundanþágu fyrir skip. Auk þess er tekið mið af reglugerð nr. [1277/2016](#) um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald þar sem það á við m.a. vegna umsagna til sýslumanna um rekstrarleyfi en það er heilbrigðiseftirlitið sem fer á staðinn til að tryggja að viðeigandi búnaður sé til staðar.

Eftirlit á sviði hollustuhátta gekk þokkalega en miklar annir voru hjá embættinu og ekki náðist að fara í allt áætlað reglubundið eftirlit. Farið var í tvær skipaskoðanir á árinu sem er í takt við fjölda skipaskoðana undanfarinna ára. Fyrirspurnir vegna húsnæðisúttekta sem aðallega beinast að raka og myglu eru sveiflukenndar og oft háðar umræðu í samfélaginu. Oft snýst fólki hugur um slíkar skoðanir þegar það veit að heilbrigðiseftirlitið er ekki í sýnatöku og þá er fólki leiðbeint hvert það getur leitað sér slíkrar þjónustu. Eins kemur fyrir að fólk hætti við beiðni um húsnæðisúttektir þegar það veit um kostnaðinn sem fylgir því og ef um leiguhúsnæði er að ræða þegar það er upplýst um að eiganda húsnæðis verði einnig gefin kostur á að vera viðstaddur slíka úttekt

Útihátíðir

Mikið er um bæjarhátíðir og aðrar útihátíðir af öllum stærðum og gerðum. Skipulag þeirra er ávallt í þróun og hefur vel tekist til með þessar hátíðir, en heilbrigðiseftirlit hefur talsvert hlutverk í að hafa eftirlit með að lögum og reglugerðum sé fylgt. Gott samstarf og góður undirbúningur skilar sér þannig að hægt er að afgreiða leyfismál og umsagnir fljótt og vel þegar að hátíðirnar eru að hefjast. Eftirlit vegna útihátíða lýtur að mörgum þáttum s.s. matvælaeftirliti og þá þarf að ná í alla þá sem eru með rekstur á útisamkomunni en auk þess er þeim sem heldur hátíðina skylt að sjá til þess að allir aðilar sem þar koma inn á hátíðina séu með tilskilin leyfi. Heilbrigðiseftirlitið tekur auk þess út salernisaðstöðu og aðstöðu sem lýtur að aðhlynningu mótsgesta sé hún til staðar eða fær upplýsingar um hvernig henni er háttað. Upplýsingar um sormál og þrif á mótssað skulu liggja fyrir þegar sótt er um leyfi auk annara upplýsinga.

Fjallaskálar og nóróveirusýking

Mikið var að gera í fjallaskálaeftirliti yfir sumarið sem orsakaðist að miklu leyti af nóróveirusýkingu sem kom upp meðal ferðamanna á hálendi Suðurlands sumarið 2024.

Fengu heilbrigðisfulltrúar m.a. aðstoð lögreglu og björgunarsveita til að geta brugðist hratt og vel við og það ber að þakka. Ferðapjónustuaðilar fengu leiðbeiningar um þrif og sótthreinsun sem var bætt inn í daglega rútínu og einnig sem viðbragðsáætlun ef sjúkdóms verður vart. Ítarleg skýrsla var gefin út um nóróveirufaraldur sumarsins 2024 í samvinnu við embætti Sóttvarnalæknis Landlæknisembættisins og má hér nálgast slóð á [lokaskýrsluna](#).

Mikil og góð samvinna við ferðapjónustuaðila og alla viðbragðsaðila skilaði sér sumarið 2025 að það náðist að koma í veg fyrir að slíkur faraldur næði sér á strik því gripið var inn í af festu og fagmennsku og viðbragðsáætlanir virkjaðar um leið og sjúkdóms varð vart.


Sund og baðstaðir

Á sund- og baðstaði er farið í eftirlit að jafnaði a.m.k. einu sinni á ári með sýnatöku, oftast ef þörf er á. Auk sýnatöku er farið yfir innra eftirlit sundstaðarins, eftirlit með klórnotkun, slysaskráningu og að öryggi gesta sé tryggt m.a. með merkingum eins og sést á mynd 9.

Til að vatn sé hæft til baða skal það vera hreint og tært og laust við óæskilegar örverur. Baðvatn

er sótthreinsað með klór til þess að drepa bakteríur, veirur, einfrumunga og sníkjudýr þannig að það

verði hæft til baða. Með einum sundlaugargesti geta borist allt að milljarður baktería út í vatnið og þar sem hluti þessara örvera getur verið sjúkdómsvaldandi er nauðsynlegt að sótthreinsa



MYND 9 HLUTFALL BAÐVATSSÝNA SEM STÓÐST KRÖFUR



MYND 8 EIN AF FJÖLMÖRGUM SUNDLAUGUM Á SUÐURLANDI

það. Sýkt baðvatn getur leitt til sjúkdóma á borð við augnsýkingar, þvafærasýkingar og eyrnabólgu. Baðvatn getur líka borist ofan í laugagesti og valdið sýkingum. Þess vegna er gerð krafa um síun og sótthreinsun á baðvatni og þannig reynt að tryggja öryggi baðgesta. Ef óhreinindi berast í baðvatnið binst klórinn þeim og hefur þannig sótthreinsandi gildi en um leið getur orðið ólykt/klórlykt. Þá er fyrsta

ráðið að auka klórmagnið, en ef magn af bundnum klór er of hátt er lauginni lokað tímabundið meðan bót er ráðin á.

Á sund- og baðstöðum er rekið öryggis- og gæðakerfi/innra eftirlit og starfsfólk lauganna sinnir mikilvægu hlutverki til að tryggja vatnsgæði. En það er ekki nóg því að samvinna gesta er nauðsynleg með því að þvo sér almennilega með sápu áður en gengið er til laugar og má minna á veggspjaldið sundkallinn sem er í öllum sundlaugum, sjá mynd 10, til að minna gesti á mikilvægi persónulegs hreinlætis. Þegar of margir stíga beint ofan í lagina án þess að þrifa sig, þá verður til raunverulegt vandamál sem ekki verður leyst með aukaskammti af klór.

Baðstaðir í náttúrunni

Hér að framan er verið að tala um hefðbundnar sundlaugar en ekki baðlón og náttúrulegar, þar sem hreinsun byggir á öðrum aðferðum, svo sem tíðum vatnsskiptum eða náttúrulegri hringrás. Þegar ekki er notaður klór til sótthreinsunar eða aðeins í litlu magni verður ábyrgð baðgesta enn mikilvægari. Þar skiptir hreinlæti gesta öllu máli til að halda vatninu hreinu og gera upplifun af baðferðinni jákvæðri.

Sjá slóð á handbók um sund- og baðstaði:

<https://www.ust.is/hringrasarhagkerfi/hollustuhaettir/sundstadir/handbok-um-sund-og-badstadi/>

Matvæli

Fjöldi matvælafyrirtækja í árslok 2024 var 460 eins og lesa má út úr súluriti á mynd nr. 6 á bls.

12. Um matvælafyrirtæki gilda [lög nr. 93 /1995](#) um matvæli.

„Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi.“



MYND 10 SUNDKALLINN

Birting á eftirlitsskýrslum samkvæmt matvælalögum

Heilbrigðisnefnd Suðurlands telur að birting eftirlitsskýrslna sé árangursrík leið til að tryggja aukið öryggi matvæla og að hún stuðli að því að matvælafyrirtæki geri viðeigandi úrbætur þegar við á, en í dag er slík birting ekki leyfileg. Það eru nokkur ár síðan til stóð að setja reglugerð sem leyfi slíka birtingu. Á árinu 2018 voru gerðar breytingar á lögum um matvæli í þeim tilgangi að samræma eftirlit og upplýsingagjöf varðandi



MYND 11 ÞRIFUM ÁBÓTAVANT Á VEITINGASTAD

eftirlit. Lögin tóku gildi í ársbyrjun 2019 ef frá eru talin ákvæðin um opinbera birtingu á upplýsingum um flokkun fyrirtækja og heimild ráðherra til að setja reglur um birtingu eftirlitsskýrslna sem áttu að öðlast gildi 1. janúar 2021. Reglurnar hafa enn ekki tekið gildi en þess má geta að slík heimild hefur verið á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir um langa hríð. Sem dæmi úr eftirliti er vísað í myndir 11 og 12 en einnig hefur komið hvatning frá Neytendasamtökunum um að fara í slíka birtingu eftirlitsskýrslna. Í samræmi við ofangreint var gerð eftirfarandi bókun á 234. fundi heilbrigðisnefndarinnar þann 21. mars 2024:

Heilbrigðisnefnd Suðurlands telur að ekki séu nægileg úrræði samkvæmt lögum og reglum til að fylgja eftir kröfum er varða öryggi matvæla. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á það að markmið heilbrigðiseftirlits samkvæmt matvælalögum er að tryggja almenningi heilnæm matvæli og umhverfi og verkefnin eru oft á tíðum að setja kröfur á fyrirtæki sem snúa að því. Farið er fram á að skýrt verði í reglugerð með hvaða hætti heimilt sé að birta niðurstöður eftirlits sbr. 28. gr. matvælalaga. En þar segir að ráðherra málaflokksins sé heimilt að setja í reglugerð með hvaða hætti slík birting skuli framkvæmd. Skorað er á ráðherra að birta



MYND 12 UMGENGNI ÁBÓTAVANT OG GEYMSLA MATVÆLA ÓVIÐUNANDI, AUK ÓVIÐUNANDI AÐBÚNAÐAR

slíka reglugerð hið fyrsta. Heilbrigðisnefnd Suðurlands telur mikilvægt að birting niðurstaðna eftirlits sé samræmd og framkvæmd með sama hætti á landinu öllu.

Matvælaeftirlit og tilgangur

Matvælaeftirlit á Íslandi byggir á lögum nr. 93/1995 um matvæli og viðeigandi reglugerðum. Tilgangur laganna er að tryggja öryggi, gæði og réttar upplýsingar um matvæli. Ekki síst þarf að tryggja að upplýsingar um ofnæmis- og óþolsvalda í matvælum rati til neytenda til að koma í veg fyrir sjúkdóma vegna þeirra. Matvælafyrirtæki er skilgreint hvert það fyrirtæki sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eða ekki og hvort sem um er að ræða lögaðila eða einstakling. Á það jafnframt bæði við um einkarekin og opinber fyrirtæki. Auk þess gilda um matvælafyrirtæki mengandi skilyrði á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Matarsýkingar eru sérstaklega vaktaðar á landsvísu og funda heilbrigðiseftirlitssvæðin reglubundið með Sóttvarnarlækni Landlæknisembættisins einu sinni í mánuði og ef upp koma matarsýkingatilfelli er settur á laggirnar sérstakur stýrihópur sem fundar eins og þörf er á og er það stundum daglega. Í byrjun árs 2025 voru tvær staðfestar matarsýkingar sem komu upp á þorablótum á Suðurlandi. Málið var tekið föstum tókum eins og lesa má um í [skýrslu Sóttvarnalæknis](#).

Helstu verkefni heilbrigðiseftirlits í matvælaeftirliti:

- Eftirlit með öryggi og heilnæmi matvæla.
- Úttekt á innra eftirliti/matvælaöryggiskerfi matvælafyrirtækja.
- Vöktun og greining neysluvatns og vatnsverndarsvæða.
- Eftirlit með merkingum, aukefnum og hreinlæti.
- Sýnataka úr matvælum og aðstæðum.
- Útgáfa leyfa og fræðsla til fyrirtækja og almennings.

Fræðslu og leiðbeiningar fyrir matvælafyrirtæki má finna á [heimasíðu HSL](#)

Garðyrkja og varnarefnaleyfar

Á Suðurlandi er umfangsmikil grænmetisframleiðsla og gróðurhúsaræktun, þar sem nær eingöngu eru notaðar lífrænar varnir. Mikilvægur hluti af því eftirliti er sýnataka vegna varnarefna. Þess má geta að í gróðurhúsaræktun er nánast engin notkun á slíkum plöntuvarnavörum við framleiðsluna heldur er notast við lífrænar varnir. Engu að síður er sýnataka til greininga varnarefna nauðsynleg til að færa sönnur á að ekki séu slíkar leyfar í íslenskri framleiðslu.

Vöktun og eftirlit með neysluvatni

Neysluvatn telst matvæli samkvæmt matvælalögum. Heilbrigðisfulltrúar framkvæma eftirlit með vatnsveitum, gera úttekt á innra eftirliti og reglulega fer fram sýnataka. Árið 2024 voru 179 vatnssýni tekin, þar af 16 ófullnægjandi eins og gula súlan fyrir árið 2024 á mynd 13 sýnir, auk þess sem þar er samanburður á fjölda neysluvatnssýna milli ára. Fjöldi vatnsveita með starfsleyfi á Suðurlandi var 151, stærstu veiturnar eru reknar af sveitarfélögum.


Heilbrigðiseftirlitið leggur áherslu á að rannsóknir sýna að stærri vatnsveitur eru ekki einungis hagkvæmari á allan hátt heldur eru þær öruggari. Þess vegna er hvatt til þess að leitast verði við að sameina vatnsveitur þannig að dreifing neysluvatns verði frá bestu vatnsbólunum. Þar sem neysluvatn á Íslandi er almennt ómeðhöndlað þurfa vatnsból að vera rétt frágengin til að forðast mengun svo sem kostur er. Vatnsverndarsvæði verða að vera tryggð. Bent er á sameiginlega samþykkt um [vatnsvernd á Suðurlandi](#) þar sem helstu kröfur, lög og reglur.

Áhættumat vatnsveitna

Áhættumatskerfi fyrir lítil vatnsból hefur verið í þróun í samstarfi við Vatnaverkefðistofu HÍ. Algengir áhættuþættir eru meðal annars:

- Óaðgengileg vatnsból
- Skortur á yfirfallsrörum
- Dýraskítur nálægt vatnsbóli
- Vöntun á mýsaneti við útloftun

Kerfið mun hjálpa við samræmingu eftirlits og greiningu á áhættuþáttum.



MYND 13 NIÐURSTÖÐUR NEYSLUVATNSSÝNA

Árið 2024 voru tekin 7 sýni til heildarefnagreiningar en 10 slíkar greiningar voru gerðar á neysluvatni 2023 og í öllum tilfellum voru niðurstöður fullnægjandi. Átak árið 2022 leiddi til 17 greininga það ár.

ESA úttektir

ESA (Eftirlitsstofnun EFTA) sinnir eftirliti með framkvæmd EES-reglna sem gerir ríkinu kleift að taka þátt á innri markaði Evrópu. Markmið innri markaðarins er að tryggja frjálst flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns, bæta lífskjör, samkeppni og gæði vöru og þjónustu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur hlutverk sem opinber eftirlitsaðili að taka þátt í slíkum úttektum ásamt Matvælastofnun auk annarra yfirvalda. Í kjölfar fræðslufundar með ESA, Matvælastofnun og fulltrúum frá heilbrigðiseftirlitssvæðunum við árslok 2023 varð jákvæð breyting á vinnulagi við þessar úttektir og undirbúningi þeirra þannig að allir hlutaðeigandi vinna saman að undirbúningi heimsóknanna. Það ætti að auka skilning milli aðila. Næsta ESA úttekt verður í september 2025.

Frekari upplýsingar: [ESA – Eftirlitsstofnun EFTA](#)

Umhverfis- og mengunarvarnir

Umhverfis- og mengunarvarnaeftirlit tekur til vöktunar og eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum auk fræðslu um þessi mál. Árið 2024 voru 365 aðilar með eftirlitsskylda starfsemi á umhverfis- og mengunarvarnasviði. Hefur þeim fjölgað um 32 á milli ára, en í byrjun ágúst 2025 voru þessi fyrirtæki orðin 380 talsins. Þetta eru fyrirtæki eins og jarðvarmavirkjanir, fráveitur, bílaverkstæði, bensínstöðvar, alifugla- og loðdýrabú, svo eitthvað sé nefnt.

Starfsleyfi og skráning á umhverfis- og mengunarvarnasviði

Samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er ferill starfsleyfisútgáfu nokkuð ítarlegur og er skylda að auglýsa starfsleyfi í þremur skrefum:

1. Móttaka umsóknar ásamt greinargerð um starfsemina.
2. Tillaga að leyfi (4 vikna athugasemdafrestur)
3. Útgáfa leyfis og kærufrestur

Við útgáfu starfsleyfis fylgja starfsleyfisskilyrði ásamt geinargerð um málsmeðferðina.

Með tilkomu skráningarreglugerðar nr. 830/2022 varð talsverð einföldun á útgáfu leyfa vegna mengandi fyrirtækja. Þó nokkrir fyrirtækjaflokkar hafa færst yfir í þetta form sjá lista yfir þá

fyrirtækjaflokka: <https://island.is/skraningarskyld-starfsemi/tegundir>. Þessi breyting felur í sér að þessa tilteknu fyrirtækjaflokka þarf ekki að auglýsa í fjórar vikur eins og um starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi er að ræða sem er starfsleyfisskyld. Þessu er ætlað að vera til einföldunar. Þetta þýðir að létt hefur á vinnu við útgáfu starfsleyfa á umhverfis- og mengunarvarnarsviði skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Fráveitur og Seyrustaðir

Á Suðurlandi hefur markvisst verið unnið að úrbótum í fráveitumálum á undanförunum árum, þó enn sé lokaáfangi ekki náð varðandi nokkur stærri verkefni í þéttbýli eins og til dæmis Selfoss, en nú sér fyrir endan á þeim framkvæmdum í bili því fyrsti áfangi hreinsistöðvar og færslu útrásar verður væntanlega tekin í notkun árið 2026. Vestmannaeyjabær hefur komið upp grófhreinsun á mestan hluta fráveitunnar og Sveitarfélagið Ölfus vinnur að úrbótum sem vonandi verða að veruleika með fyrsta þreps hreinsun á árinu 2026. Í minni þéttbýlum eins og Flúðum, Borg, Ásborgum, Sólheimum Grímsnesi og í Reykholti hefur verið unnið áttak í uppsetningu hreinsistöðva. Laugarás er einnig í vinnslu. Þetta eru kostnaðarsamar framkvæmdir, en nauðsynlegar, bæði með tilliti til mengunarvarna og ekki síður hollustuhátta ef tekið er mið af svæðunum til útivistar og atvinnu sjá mynd 14 sem dæmi um umfang framkvæmda. Í flestum fráveitusamþykktum sveitarfélaga á Suðurlandi eru nú komin ákvæði um losun seyru bæði frá íbúðarhúsum og frístundabyggð. Í framhaldi af þeirri þjónustu þarf að huga að förgun/nýtingu seyru á viðunandi hátt. Þar eru Seyrustaðir á Flúðum tímamótaframtak með hreinsun og meðhöndlun seyru til notkunar sem áburður á afmörkuðum svæðum á afréttum uppsveitanna til uppgræðslu. Til fróðleiks má nefna að ein persónueining (pe) hefur ígildi áburðar, sem nægir til að uppskera ígildi 200 kg. af korni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vinnur að að samantekt á ástandi í öllum þéttbýlum á Suðurlandi auk fráveitumannvirkja við stærri ferðamannastaði sem eru í raun á við þéttbýlisstaði ef miðað er við persónueiningar.

Í dreifbýli eru rotþrær einkum notaðar við fráveitur, en rotþró ásamt siturlögn er skilgreind sem ígildi tveggja þrepa hreinsunar. Við ákveðnar aðstæður þarf þó að



MYND 14 FRAMKVÆMDIR Í GANGI Á SUÐURLANDI VIÐ FRÁGANG HREINSISTÖÐVAR

tryggja betri hreinsun. Á nokkrum stöðum á Suðurlandi er þörf á meiri og betri hreinsun, vegna sérstöðu viðkvæmra vatnasvæða. Má þar nefna vatnsverndarsvæði Þingvallavatns.

Enn er beðið eftir að ný fráveitureglugerð líti dagsins ljós.

Icewater verkefnið og Þingvallavatn

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er í hópi 22 aðila sem hafa undir forystu Umhverfisstofnunar hlotið 3,5 milljarða króna styrk frá Evrópusambandinu fyrir verkefnið LIFE ICEWATER. Þessi styrkur er einn sá stærsti sem Ísland hefur fengið frá evrópskum samkeppnissjóði. Markmið verkefnisins er að tryggja innleiðingu á hinni svokölluðu [vatnatilskipun](#), bæta vatnsgæði á Íslandi, auka þekkingu á vatnsauðlindum, tryggja samræmda stjórnsýslu í vatnamálum og fræða almenning.

Life Icewater verkefni má finna um allt land, þar á meðal við Þingvallavatn og sér Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um þann hluta verkefnisins sem snýr að fráveitu við Þingvallavatn. Um fráveitu á verndarsvæði Þingvalla gilda sérstakar og strangari reglur en annars staðar og er markmiðið að HSL fái yfirsýn yfir fráveitu á svæðinu, fræða almenning og leiðbeina eigendum sem þurfa að gera úrbætur. HSL sendi bréf á lóðarhafa næst vatninu þann 13. júní síðastliðinn þar sem þau voru beðin að skrá sína fráveitu. Í framhaldinu höfðu þó nokkrir eigendur samband við verkefnastjóra Icewater hjá HSL en þáttaka er þó enn of lítil. Í ágúst verður sent annað bréf á sumarbústaðaeigendur sem eiga bústað í 0-50 m fjarlægð frá vatninu og í framhaldinu fyrsta bréf á þá sumarhúsaeigendur sem eiga bústað lengra í burtu. Í september verður boðað til íbúafundar þar sem sumarbústaðaeigendur fá tækifæri til að kynna verkefninu betur og spyrja spurninga.

Sérstakar leiðbeiningar eru í gildi um þetta svæði sjá slóð: [Fráveitur á verndarsvæði Þingvallavatns](#)

Lóðir og lendur

Heilbrigðisfulltrúar fara reglulega í eftirlitsferðir og bregðast við kvörtunum og ábendingum vegna númerslausra ökutækja, kerra, vinnuvéla og annarra lausamuna á opinberum svæðum.

Lagagrundvöllur:

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti (gr. 17 og 18)
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs (gr. 14)

Málsmeðferð í stuttu máli:

- Staðfesting á vettvangi: Starfsmaður metur aðstæður, skráir upplýsingar um staðsetningu og tekur myndir (m.a. af númerslausu ökutæki og álímingamiða).
- Tilkynningarmiði er límdur á viðkomandi tæki með fresti til fjarlægingar (að jafnaði 2 vikur). Sjá mynd 15 þar sem búið er að líma slíka tilkynningu á bílflak. Heimilt er að veita lengri eða styttri frest með rökstuðningi.
- **Einkalóðir:** Ef tæki er á einkalóð og veldur mengunar- eða slyshættu, skal reyna að hafa uppi á eiganda. Ef það tekst ekki, er send kröfu til lóðarhafa um fjarlægingu á hans kostnað.
- Skráning og frágangur: Allar upplýsingar, myndir og samskipti eru skráð í gagnagrunn HSL. Viðkomandi sveitarfélag sér um fjarlægingu.
- Ef um einkalóð er að ræða þá er ráðinn verktaki sem sinnir brotnámi ef eigandi bregst ekki við, en það er á kostnað lóðarhafa.
- **Frestir:** Heimilt er að veita lengri frest við rökstuðning. Slíkar beiðnir eru skráðar og sendar áfram til viðeigandi aðila.
- **Málsskotsréttur:** Kæurur á málsmeðferð eða aðgerðum HSL fara til úrskurðarnefndar skv. 65. gr. laga nr. 7/1998 – kæra frestar ekki réttaráhrifum.
- Fyrirspurnir og ábendingar: Hægt er að hafa samband við viðkomandi heilbrigðiseftirlit með tölvupósti.



MYND 15 TILKYNNING MEÐ ÁLÍMINGU Á BÍLFLAK

Hreinsun á lóðum og lendum er eitt af verkefnum starfsmanna Heilbrigðisnefndar Suðurlands. Verkefni sem þessi eru óþrjótandi og tímafrek en krefjast samvinnu við sveitarfélögin ef árangur á að nást.

Vöktun loftgæða – brennisteinsvetni ofl.

Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sinna vöktun á loftgæðum með áherslu á svífryk, koldíoxíð (CO_2) og brennisteinsvetni (H_2S). Niðurstöður eru birtar á www.loftgaedi.is og vef HSL: [loftgaedamaelingar HES](http://loftgaedamaelingar.HES), þ.e. niðurstöður mælinga á brennisteinsvetni (H_2S) sem eru hluti af kröfum til innra eftirlits Orkuveitu Reykjavíkur vegna reksturs jarðvarmavirkjana á Hellisheiði og Nesjavöllum til framleiðslu á rafmagni og heitu vatni til höfuðborgarsvæðisins.

Mælistaðir H_2S í byggð:


- Norðlingaholt og Lambhagi, Úlfarsárdal (Reykjavík)
- Lækjarbotnar (Kópavogur)
- Finnmörk (Hveragerði)

Loftgæðamælar fylgjast með áhrifum frá Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjun. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sér um eftirlit og birtingu gagna. Verkfræðistofan Vista annast daglegan rekstur og Hafrannsóknarstofnun kvörðun.

Lofthreinsun – Hellisheiðarvirkjun: Lofthreinsistöð var tekin í notkun 2014. Afköst voru aukin 2017 og 2019. Hreinsar nú stóran hluta H_2S úr útblæstri


Á mynd 16 sést að ársmeðaltöl H_2S 2015–2024 eru undir leyfðum mörkum í íbúabyggð skv. reglugerðar [nr. 514/2010](#) um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Framundan: Lofthreinsun á útblæstri frá Nesjavallavirkjun í undirbúningi með niðurdælingu. Hins vegar gilda önnur og rýmri mörk á brennisteinsvetni innan vinnusvæða og eru mæligildi bæði á Nesjavöllum og við Hellisheiðarvirkjun langt innan þeirra marka.




MYND 16. LOFTGÆÐAMÆLINGAR VEGNA JARÐVARMVIRKJANA

Fjármál og rekstur



MYND 17. FRAMLÖG SVEITARFÉLAGA TIL REKSTRAR


Framlag aðildarsveitarfélaganna til rekstar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram á mynd 17 og er því skipt eftir mannfjölda og reiknað út frá íbúafjölda 1. janúar það ár.



MYND 18. TEKJUR HSL OG HLUTFALL FRAMLAGA SVEITARFÉLAGANNA

Hlutfall milli framlaga sveitarfélaganna og eftirlitsgjalda og annarrar gjaldtöku af eftirlitsþegunum kemur fram á mynd 18. Þess má geta að með setningu viðmiðunargjaldskrár Umhverfissráðuneytis á sínum tíma, var almennt talið eðlilegt að sveitarfélög beri allt að 40% af rekstri heilbrigðiseftirlits með beinum framlögum, en hlutfall beinna framlaga til rekstrar er sýnt með rauðri línu sem vísar til hægri y áss á myndinni og hafa framlögin verið undir 25% undanfarin tvö ár. Til frekari útskýringar á mynd nr. 18 eru á vinstri y-ás tekjur í milljónum króna með tilheyrandi súlum, grænu súlurnar eru áætlun og þær bláu er rauntölur. Á x-ásnum eru ártölín. Lægri tekjur á árinu 2024 miðað við áætlun er óútskýrð en möguleg skýring að einhverju leyti er vegna fækkunar gististaða þ.e.a.s. sumarhúsa sem ekki er lengur heimilt að hafa í útleigu vegna skipulagsskilmála. Tekjur ársins 2024 eru því minni en áætlanir gerðu ráð fyrir í fyrsta skipti í langan tíma.

Ef rýnt er í kostnað þá eru laun eðlilega langstærsti kostnaðarliðurinn eins og kemur fram á mynd 19. Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna B-deildar hækkar um fjögur prósent en það er minna en síðustu tvö ár á undan þegar hækkunin var um sjö prósent. Aðrir kostnaðarliðir eru svipaðir og hafa verið undanfarin ár.



MYND 19. HELSTU KOSTNAÐARLIÐIR HSL

Lokaorð

Þegar horft er til baka til ársins 2024 og það sem af er ársins 2025 er það almennt umfangsmikil uppbygging í ferðapjónustu sem kemur fyrst upp í hugann. Mikill fjöldi afþreyingarlauga, eða baðstaða í náttúrunni er nú í þróun, og teljast þau til umfangsmikilla verkefna á sviði heilbrigðiseftirlits. Nóróveirufaraldur á hálendinu og matarsýkingar í tengslum við þorrablót undirstrika mikilvægi þess að fylgt sé ströngum reglum um sóttvarnir. Atburðir sem þessir sýna að síst eru gerðar óhóflegar kröfur af hálfu eftirlitsaðila – þvert á móti eiga strangar reglur um sóttvarnir fullt erindi og eru nauðsynlegar til að vernda heilsu almennings. Bæjarhátíðir og aðrar útiskemmtanir eru ánægjuleg verkefni sumarmánaðanna og með góðu samstarfi við bæði rekstraraðilana og aðra eftirlits- og leyfisveitendur hefur gengið vel að koma þeim verkefnum frá. Umsögnum vegna skipulags virðist fjölga áfram sem vekur bjartsýni varðandi framtíðina á Suðurlandi.

Heilt yfir var árið 2024 gott, rekstur embættisins var góður og afkoman ásættanleg. Útgjöld voru í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir en tekjurnar voru minni en reiknað var með mögulega vegna fækkunar gististaða í sumarhúsum þar sem strangari reglur hafa verið teknar upp vegna skipulags þ.e. inni í sumarhúsabyggðum. Eiginfjárstaða embættisins hefur því hrakað nokkuð og er enn töluvert neikvæð.

Góð samvinna milli eftirlits og fyrirtækja er okkur mikils virði. Við teljum okkur vera að sjá jafnan og góðan árangur af slíkri samvinnu í bættum hollustuhátta-, mengunar- og umhverfismálum. Bestu störfin vinnum við tíðindalaust með slíkri samvinnu.

Þessari ársskýrslu er ætlað að gefa einhverja hugmynd um hin fjölbreyttu verkefni sem er á og rekstri stofnunarinnar. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar, www.hsl.is

Að lokum ber að þakka fyrir gott samstarf við eftirlitsþega, stofnanir, sveitarfélög og almenning og hlökkum við til að takast saman á við ný verkefni.

12. ágúst 2025

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri HSL